

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag fyrir Þingey og Skuldaþingsey.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 6. desember 2018 tillögu að deiliskipulagi fyrir Þingey og Skuldaþingsey.

Í deiliskipulaginu er virðing fyrir náttúru svæðisins, fornminjum og sögu látin ráða för og skilgreint er fyrirkomulag áningarstaða, minjasvæða og gönguleiða ásamt því að koma á göngutengingu með göngubrúum út í Þingey og Skuldaþingsey. Markmiðið með deiliskipulaginu er að gera Þingey og Skuldaþingsey að áhugaverðum áfangastöðum fyrir heimamenn og ferðamenn, sem vilja í senn njóta náttúru svæðisins og fræðast um sögu þess.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 13. febrúar 2019.

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2019